



Íbúaráð Miðborgar og Hlíða
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2024
USK23010208

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráði frá 11. september 2024 varðandi eftirfarandi mál:

Hlíðarendi - Reitur I - breyting á deiliskipulagi - Haukahlíð 6

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Bjargs Íbúðafélags, dags. 17. janúar 2023 ásamt bréfi, dags. 16. janúar 2023, um breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reits I við Haukahlíð, lóð nr. 6 við Haukahlíð. Í breytingunni sem lögð er til felst fjölgun íbúða úr 70 íbúðum í 85 leiguíbúðir. Einnig breyting; á hlutföllum íbúðastærða fyrir lóðina, á skilmálum um randbyggð og útlit á þann hátt að norður og suðurhlíð verði deilt í fjórar einingar í stað fimm, á skilmálum um frágang innan lóða, á skilmálum um ofanvatnslausnir og jarðvegisdýpt auk þess sem deiliskipulagsmörk verða færð að lóðamörkum. Einnig fjölgun bílastæða í kjallara í 54 stæði ásamt útlítingu á fyrirkomulagi aðgengis í bílakjallarann sbr. niðurstöðu á uppfærslu samgöngumat, samkvæmt uppdr. ASK arkitekta, dags. 30. apríl 2024. Einnig er lagt fram samgöngumat Eflu, dags. 30. apríl 2024. Tillagan var auglýst frá 6. júní 2024 til og með 19. júlí 2024. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ingibjörn Sigurbergsson, dags. 11. júlí 2024, Sigríður Gunnarsdóttir, dags. 14. júlí 2024, Elín Sigurðardóttir, dags. 17. júlí 2024, Anna Borgþórsdóttir Olsen og Pétur K. Hilmarsson, dags. 17. júlí 2024, Einar Gylfi Haraldsson, dags. 19. júlí 2024, Geir Gylfason, dags. 19. júlí 2024 og íbúaráð Miðborgar og Hlíða, dags. 22. júlí 2024. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 5. september 2024.

Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum Sjálfstæðisflokks. sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs. USK23010208

Ingvar Jón Bates Gíslason, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Málið snýst um fjölgun íbúða frá fyrri áætlun úr 70 í 86. Þessu er mótmælt af mörgum sem þegar eru fyrir á svæðinu. Uppbyggingin með 85 íbúðum og 54 bílastæðum innan lóða mætir tæplega kröfum um fjölda bílastæða fyrir íbúa en kannski svo lengi sem gert er ráð fyrir að gestastæði séu leyst í borgarlandi. Er ætlast til að gengið sé á önnur stæði í borgarlandinu? Hér er óneitanlega þrengt að þeim sem fyrir eru. Í þessu tilfelli virðist skorta á að samráð sé nægilegt. Einnig er sagt að væntanlegir íbúar geti notast við deilibílaakerfi. Það er hins vegar óþekkt hvernig það muni reynast. Um deilibílaakerfi má segja að það sé enn á tilraunastigi.

F.h. umhverfis- og skipulagssvið
Þuríður María Guðmundsdóttir

Borgarráð samþykkti afgreiðslu ráðsins á fundi 19. september 2024.



Reykjavík



Umsögn skipulagsfulltrúa má finna á eftirfarandi slóð:

<https://www.skipulagsgatt.is/issues/2024/712>

Athygli er vakin á því að telji einhver á rétti sínum hallað með samþykkt framangreindrar tillögu er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Borgartúni 21, Höfðaborg, 105 Reykjavík, sbr. lög nr. 130/2011, innan mánaðar frá birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.